




Slökkvibifreiðar fyrir Brunavarnir Árnessýslu

Wawrzaszek Póllandi
Ólafur Gíslason & Co hf
Eldvarnamiðstöðin

Árið 2003 fengu Brunavarnir Árnæssýslu tvær bifreiðar af gerðinni ISS TLF 6000/200 Renault 420.19 smíðaða af Wawraszek í Póllandi. Þetta voru fyrstu bifreiðarnar hérlendis frá þessum framleiðanda. Bifreiðarnar eru nákvæmlega eins en þær voru keyptar að undangenginni verðkönnun þar sem ekki var aðeins beðið um nýjar bifreiðar heldur voru gefnar nokkuð frjálssar hendur um útvegun notaðra undirvagna og notaðs búnaðar. Í ljós kom að Wawraszek gat boðið nýjar bifreiðar á svo hagstæðu verði að litið var frá hugmyndum um notaðan búnað og smíði hans.





Yfirbyggjandi er stærsti framleiðandi slökkvibifreiða í þessum hluta Evrópu. Framleiða allar gerðir slökkvibifreiða og eins gáma fyrir slökkvilið en ekki kórðu og stigabifreiðar. Fyrirtækið var stofnað 1988 og eru starfsmenn þess 340 talsins. Á ári hverju eru seldar um 300 til 500 bifreiðar og markaðurinn í Evrópu og svo Asíu. M.a. eru þeir undirverktakar við smíði og yfirbyggingar fyrir framleiðendur í Þýskalandi og á Norðurlöndum. Má þar nefna Autokarosseri eða Floby í Svíþjóð, Sumati í Belgíu ofl.

Bifreiðarnar eru byggðar eftir evrópskum stöðlum og eru þessar bifreiðar t.d. byggðar eftir EN 1846-1 staðli.

Allur búnaður sem er í bifreiðunum er evrópskur og af þeim gerðum sem vel er þekktur héraðs eins og t.d. Ruberg dælurnar sem eru sænskar og sem eru m.a. í slökkvibifreiðum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Fáskrúðsfirði, Hrísey, Ísafirði, Sauðárkróki, Eskifirði, Þorlákshöfn, Egilsstöðum og síðan en ekki síst á Selfossi.

Líklega eru hér um 15 til 20 Ruberg dælur af svipaðri gerð. Dælugeta þessara dælna sem er í þessum bifreiðum er sambærileg við þá dælu sem er í stærri slökkvibifreiðinni á Reykjavíkurlflugvelli þ.e. 4.000 l/mín.


Í ökumannshúsi sem er af Global gerð þ.e. 400 mm. lengra en venjulegt ökumannshús eru þrjú sæti, ljós, sjálfstætt hitakerfi (Webasto miðstöð), handstýrður ljóskastari, hitaðir speglar og aukaspeglar, ljós í þrepum sem kvikna við opnun hurða, endurskin á hurðum.

Sólskyggni á þaki merkt slökkvibíll. Öryggisbelti í sætum og áklæði á sætum (hreinsanlegt). Fjaðrandi ökumannsæti, sírena með hljóðnema, blá stróp ljós í grilli að framan og aftan á þaki, lofthorn og strópljósarena á þaki.

Varnargrindur á öllum ljósum. Hljóðmerki tengt bakkljósi. Forrituð Motorola talstöð. Margs konar viðvörunarljós eins og ef hurðir eða ástig eru opin í yfirbyggingu, ljósamastur eða úðabyssa uppi, hleðslutenging í sambandi, ljós í skápum og vatns og froðu tankamælar. Innsetning dælu.

Hleðslutæki fyrir talstöðvar. 24V rafkerfi, rafall 2.200W og rafgeymar 2 x 180Ah. Höfuðrofi.

Efni yfirbyggingar úr ryðfríum efnum, trefjaplasti og byggt með samlokuaðferð og álprófilar sem undirstöður fyrir innréttingar. Yfirbyggingin er eingöngu úr trefjaplasti gegnheilum. Ekkert stál eða krossviður. Þak er vinnupallur með upphleyptum álplötum, burður 450 kg.





Tveir skápar á hvorri hlið og einn að aftan. Gegnum gangandi fremri skápur á hlið. Rykþéttar rennihurðir úr áli með læsingum.

Ljós kviknar í skápum við opnun og eins er rofi í öikumannshúsi. Vinnuljós allan hringinn sem gefa 5 til 15 Lux í 1 m. fjarlægð. Hillur og skúffur með læsingar í opinni stöðu. Þær innréttingar sem staðið geta 25 sm. út frá bifreiðinni eru með endurskin.

Öll handföng, hurðir og lokur er gert fyrir hanskaklæddar hendur. Vatnshalli í skápum.

Yfirborð þaks og gólf í skápum klætt með upphleyptum seltuvörðum álplötum.

Við alla skápa eru fellanleg ástig sem um leið eru hurðir fyrir neðri skápa. Vatnstankur tekur 6.000 l. úr trefjaplastefni með tilheyrandi búnaði. Froðutankur tekur 200 l. og er úr trefjaplastefnum með tilheyrandi búnaði. Möguleiki á að fylla froðutank frá þaki og svo frá jörðu. Brunadælan er staðsett að aftan, upphituð frá kælikerfi bifreiðar.



Dæla er seltuvarin úr bronzi og stáli. Tveggja þrepa 4.000 l/mín við 10 bar og 250 l/mín við 40 bar. Hámark vatns á háþrýstiprepi 150 l/mín. miðað við slöngustærð. Gerð Ruberg R40/2.5.

Froðukerfið er stillanlegt við 1% eða 3% og vatnsmagn. Allar stýringar froðukerfis loftstýrðar. Háþrýstislöngukefli með 90 m. slöngu 19mm., Castek úðastútur stillanlegur og með froðutrekt. Froða í gegnum úðastút. Slöngukeflið er bæði raf- og handdrifið.

Úttök frá dælu eru fjögur 65mm til hliðanna inni í skáp á hliðum. Eins er lögn að háþrýstislöngukefli. Dælan getur fyllt á tank og eru afköst 1.700 l/mín. um 2" lögn.

Loftstýring á loka. Sog er um tvö 125mm Ø inntök og eitt 75mm Ø með spjaldlokum og Storz tengjum. Lögn frá tanki að dælu 125mm Ø. Mælaborð dællunnar er með sogmæli, lágþrýstingsmæli, háþrýstingsmæli, vatnsmæli, froðumæli, snúningshraðamæli dælu, neyðarstöðvunarrofa, klst. mæli og viðvörunarljós fyrir olíuþrýsting og kælivatn.



Eins er viðvörunarljós fyrir loftbólumyndun og ýmis önnur viðvörunarljós í rofum fyrir opnun og lokun svo auðvelda megi þeim sem vinna við dæluna að sjá hvað sé opið eða lokað.

Stór hluti stjórnækja dællunnar eru loftstýrðar. Dællan er einstaklega vel útbúin. Að vatnstanki er eitt inntak Storz B ásamt kúluloka og þrýstingsmæli.

Dællan er búin rafstýrðum gangráð sem tryggir stöðugan þrýsting í þrýstihluta dællunnar. Hann má aftengja og handstýra. Eins er dællan með varnarbúnað gagnvart óhreinindum sem valdið geta skemmdum.

Froðubúnaður er loftstýrður og er frá 1% til 3% á allt afkastasvið dællunnar. Allt froðukerfið er gert úr efnum sem þola froðu og er úr ryðfríum efnum. Ryðfrítt stál er notað. Hægt er að dreina allt dællukerfið með tveimur lokum.





Á soghlið dællunnar er síubúnaður sem verja á hana óhreinindum bæði frá opnu og vatnstanki. Tryggir örugga notkun dællunnar. Samskonar miðstöð er í dællurými og öikumannshúsi þ.e. Webasto Air og eins í fremri skáp með lögnum í alla skápa. Þessar miðstöðvar verja vatns og froðukerfi fyrir frosti allt að 25°C.

Frá öftustu miðstöð er barkaúttak fyrir 15 m. barka sem nota á við að leggja hita að t.d. slysavettvang þar sem hugsanlega þarf að halda hita á slösuðum.

Hraðlosun er möguleg um 125mm Ø í vatnskar frá vinstri hlið. Losunin er með Storz tengi og spjaldloka. Eins má fylla á vatnstank um þessa lögn. 3 stk. 5l barkar í 3ja m. lengd eru í sérstökum festingum á þaki. Sigtí með loka 125mm og vírkarfa. Storz minnkanir 125/110.

Ljósamastur er af Fireco gerð 2 x 1000W loftdrifið snúanlegt og ljóskastarar veltanlegir. Rafstöð er af Eismann gerð 4 Kva.og er hún í einum neðri hliðarskápa.

150 m. Mantex 3/4" slöngur skipt upp í 3 x 50 m. rúllur með D25 kopartengjum snúanlegum eru til framlengingar á háþrýstikefli.


Stigi af Makros gerð þrískiptur 8,1 m. langur á þaki yfirbyggingar. Stiginn uppfyllir EN 1147 staðal og vegur aðeins 30 kg.




Lausar dælur af Rosenbauer Otter gerð eru á útdraganlegum palli milli öikumannshúss og yfirbyggingar. Rosenbauer Otter dæla afkastar 1000 l/mín við 4 bar og 1,5 m. soghæð. Sú dæla vegur 66 kg. (tilb.) og stærð er 510L x 560B x 630H.


Innréttingar eru ýmsar í bifreiðunum og má nefna tvöfaldar slönguhillur, útdraganlega palla fyrir lausa dælu og rafstöð. Snúanlegur veggur fyrir reykköfunartæki. Útdraganlegar skúffur tvær fyrir úðastúta og lykla ofl.

Allar leiðbeiningar og merkingar á bifreiðunum eru á íslensku og þeir koma þannig frá yfirbyggjanda. Allar tölvugerðar og smekklegar.




Hér eru svo teikningar af bifreiðunum








1929


2550











Þriðja bifreiðin sem verður staðsett í Árnasi verður eins og þessar tvær bifreiðar að undanskildu eftirfarandi. Vél er samkvæmt Euro 4 staðli og er 410 hestöfl í stað 412 hestafla en tog vélanna er mjög svipað. Það segir á heimasíðu Renault að afl nýrra véla sem eru samkvæmt Euro 4 eða 5 stöðlunum séu með 9 til 18% meiri orku og 15 til 40% meira tog og eyði 5% minna eldsneyti en fyrri kynslóðir véla. Hvað lesa má úr þessu er stóra spurningin ???



Slökkvibifreið á Selfoss





Bifreiðin er af gerðinni Renault Kerax 19 tonna 4x4 með 410 hestafla vél, 4ra dyra öikumannshúsi og 4.000 l/mín. Ruberg dælu há- og lágprýstri.

Í öikumannshúsi eru sex til sjö sæti, ljós, sjálfstætt hitakerfi (Webasto miðstöð), handstýrður ljóskastari, hitaðir speglar og aukaspeglar, ljós í þrepum sem kvikna við opnun hurða, endurskin á hurðum. Renault útvarp FM/AM og Motorola forrituð talstöð.

Öryggisbelti í sætum og áklæði á sætum hreinsanlegt. Fjaðrandi öikumannsæti, sírena með hljóðnema, blá stróbljós í grilli að framan og aftan, strópljósarennna á þaki og lofthorn. Hljóðmerki tengt bakkljósi.

24V rafkerfi, rafall 2.200W og rafgeymar 2 x 180Ah. Höfuðrofi. Litur bifreiðar er svartur, hvítur og rauður. Varahjólbarði fylgir og festing hans.





Efni yfirbyggingar úr ryðfríum efnum, trefjaplasti og álprófilum. Þak er vinnupallur með upphleyptum álplötum, burður 450 kg./m². Þrír skápar á hvorri hlið og einn að aftan. Rykþéttar rennihurðir úr áli með læsingum. Ljós kviknar í skápum við opnun og eins er rofi í ökumannshúsi.

Vinnuljós sem gefa 5 til 15 Lux í 1 m. fjarlægð. Hillur og pallar með læsingar í opinni stöðu. Þær innréttingar sem staðið geta 25 sm. út frá bifreiðinni eru með endurskin.

Öll handföng hurðir og lokur eru gerðar fyrir hanskaklæddar hendur. Vatnshalli í skápum. Yfirborð þaks og gólf í skápum klætt með upphleyptum álplötum.

Vatnstankur 4 m³ úr trefjaplastefni með tilheyrandi búnaði. Froðutankur 200 dm³ úr trefjaplastefnum með tilheyrandi búnaði. Möguleiki á að fylla froðutank frá þaki og svo frá jörðu. Brunadælan er staðsett að aftan, upphituð frá kælikerfi bifreiðar.

Dæla seltuvarin úr bronzi og stáli. Tveggja þrepa 4000 l/mín við 10 bar og 250 l/mín við 40 bar. Hámark vatns á háþrýstiprepi 150 l/mín. Gerð Ruberg R40/2.5. Froðukerfið er frá tanki og við sog frá opnu.

Háþrýstislöngukeflin $\frac{3}{4}$ " með 90 m. slöngur, úðastúta stillanlega og með froðutrektum. Froða í gegnum úðastút. Slöngukeflin eru bæði raf og handdrifin.

Úttök frá dælu eru fjögur 75mm til hliðanna inn í skáp. Eins er lögn að háþrýstislöngukeflum. Dælan getur fyllt á tank og eru afköst 1.700 l/mín.

Sog er annars vegar 110mm Ø eða 125 mm Ø og 75mm Ø. Lögn frá tanki að dælu 125mm Ø. Mælaborð dælunnar er með sogmæli, lágþrýstingsmæli, háþrýstingsmæli, vatnsmæli, froðumæli, snúningshraðamæli dælu, stöðvunarrofa á bílvél, klst. mæli og viðvörnarljós fyrir olíuþrýsting og kælivatn.

Dælan er einstaklega vel útbúin. Að vatnstanki er eitt inntak með einstreymisloka Storz B ásamt kúluloka til að taka vatn frá brunahana með þrýstímæli.





Dælan er búin rafstýrðum gangráð sem tryggir stöðugan þrýsting í þrýstihluta dælnnar. Eins er dælan með varnarbúnað gagnvart óhreinindum sem valdið geta skemmdum.

Froðublandari er mekanískur er frá 1% til 3% á allt afkastasvið dælnnar. Frávik $\pm 0,5\%$. Allt froðukerfið er gert úr efnum sem þola froðu og er úr ryðfríum efnum. Ryðfritt stál er notað.

Hægt er að dreina allt dælukerfið með einum loka. Miðstöðvar eru í einhverjum skáp í yfirbyggingu, dælurými og ökumannshúsi af Webasto Air Top gerð. Þessar miðstöðvar verja vatns og froðukerfi fyrir frosti allt að -25°C . Einnig er útak með skiptir fyrir barka frá miðstöð að slysstað.

Á soghlið dælunar er síubúnaður sem verja á hana óhreinindum bæði frá opnu og vatnstanki. Tryggir örugga notkun dælnnar.


Ljósamastur er loftdrifið með ljóskösturum 2 x 1000W. og snúan og veltanlegir með stýringu.


Hér koma teikningar



Hér er mynd af Renault 19 tonna sem er með 4500 mm hjólabíl en flestar þessar bifreiðar eru í dag með 4100 til 4200 mm hjólabíl. Með þessu fæst meira pláss







Þar sem þessi bifreið er með þrjá skápa á hvorri hlið er haft ástig í hvern skáp fyrir sig jafnvel fyrir miðskápinn eins og sjá má á þessari mynd



Eins er mögulegt að breyta inntaki inn á dælu og hafa eins og gert var á annarri Fjarðabyggðabifreiðinni



Bætt hefur verið við stróp ljósum á hliðar eins og sjá má á þessari mynd.



Þegar hafa verið fluttar inn þrjár slökkvibifreiðar TLF 4000/200 með R40 2.5 Ruberg dælum fyrir Ísafjarðarbæ, Fjarðarbyggð þ.e. Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð. Í pöntun eru bifreiðar af sömu gerð fyrir Borgarnesbyggð og Snæfellsbæ.

Alls hafa verið seldar 12 slökkvibifreiðar og einn kerruvagn frá Wawraszek hingað til lands á undanförunum 4 árum. Á næstu dögum eru líkur á að 3 gámar bætist við sölutölur.



Ólafur Gíslason & Co hf. Eldvarnamiðstöðin er 84 ára gamalt fyrirtæki og höfum við sinnt þjónustu við slökkviliðin í landinu undanfarin 33 ár en innflutningi og þjónustu á vörum tengdum brunavörnum í meira en 50 ár. Á síðastliðnum 16 árum höfum við flutt inn og selt nánast allar nýjar slökkvibifreiðar til landsins eða 36 bifreiðar og eins tvær sjúkrabifreiðar.

Við teljum okkur búa yfir mikilli þekkingu á þessu svið og höfum valið til samstarfs áður nefnda yfirbyggjendur. Það er að vel skoðuð máli en við höfum fylgst með þessum fyrirtækjum um nokkuð langt skeið. Við fullyrðum að verð er mjög hagstætt, gæði mikil og búnaður frá V-Evrópu og að auki þekktur héraendis. Eins er byggt eftir þeim stöðlum sem við þekkjum. Við höfum einnig látið byggja bifreiðarnar eftir þeim kröfum sem gerðar eru héraendis m.a. hvað varðar dælu frágang og lagnir.

